



**Könnun meðal stjórnenda leikskóla:  
Áhrif og aðstæður til leikskólakennaranáms**



**HÁSKÓLI ÍSLANDS**  
**MENNTAVÍSINDASVIÐ**

## **Skýrslugerð:**

Sigrún Sif Jóelsdóttir

## **Menntavísindastofnun Háskóla Íslands**

September 2013

Könnunin var unnin fyrir námsbraut í menntun ungra barna í leik- og grunnskólum, Menntavísindasviði Háskóla Íslands, í samstarfi við Félag leikskólakennara, Félag stjórnenda leikskóla og Mennta- og menningarmálaráðuneyti.

## EFNISYFIRLIT

<b>SAMANTEKT</b> .....	<b>4</b>
<b>1 INNGANGUR</b> .....	<b>6</b>
<b>2 SÖFNUN GAGNA</b> .....	<b>7</b>
2.1 FRAMKVÆMD OG HEIMTUR.....	7
2.1.1 Heimtur svara.....	8
2.2 AÐFERÐ OG ÚRVINNSLA.....	9
<b>3 NIÐURSTÖÐUR</b> .....	<b>10</b>
3.1 GRUNNUPPLÝSINGAR.....	10
3.1.1 Kyn stjórnenda og staðsetning leikskóla.....	10
3.1.2 Aldur og starfsaldur.....	11
3.1.3 Menntun.....	13
3.2 HLUTFALLSLEG SKIPTING Á MILLI MENNTAÐRA LEIKSKÓLAKENNARA OG ANNARRA STARFSMANNA.....	15
3.3 AÐSTÆÐUR TIL LEIKSKÓLAKENNARANÁMS.....	18
3.3.1 Telur þú að það séu hindranir í veginum fyrir því að leiðbeinendur í leikskóla fari í leikskólakennaranám?.....	19
3.3.2 Hverjar telur þú hindranirnar vera sem hamla því að leiðbeinendur í leikskóla fari í leikskólakennaranám?.....	19
3.3.2.1 Hindranir sem hamla því að leiðbeinendur fari í leikskólakennaranám greint eftir landsvæði.	20
3.3.3 Hversu vænlegar telurðu eftirfarandi aðferðir vera til að hvetja fólk til náms?.....	25
3.3.4 Hefur þú einhver úrræði til að styðja starfsfólk þitt til leikskólakennaranáms?.....	26
3.3.5 Nefndu helstu úrræði sem þú hefur upp á að bjóða fyrir starfsfólk til að styðja það til leikskólakennaranáms?.....	26
3.4 MIKILVÆGI FAGMENNTUNAR FYRIR LEIKSKÓLASTARF.....	28
<b>4 UMRÆÐA</b> .....	<b>31</b>
<b>5 HEIMILDIR</b> .....	<b>33</b>
<b>VIÐAUKI 2 – KYNNINGARBRÉF VEGNA KÖNNUNAR</b> .....	<b>34</b>

## MYNDIR OG TÖFLUR

Mynd 1: Svarhlutfall í könnun meðal stjórnenda leikskóla .....	7
Mynd 2: Fjöldi leikskóla og hlutfallsleg skipting úrtaks eftir landshlutum .....	8
Mynd 3: Svarhlutfall og fjöldi þátttakenda eftir landshlutum (Myndin sýnir hlutfall (%) við x-ás en stöplur sýna fjölda svara (n)) .....	9
Mynd 4: Meðalaldur og meðalstarfsaldur stjórnenda leikskóla eftir landshlutum.....	13
Mynd 5: Hvert var efni námskeiðsins? .....	14
Mynd 6: Hlutfallsleg skipting menntaðra leikskólakennara og annarra starfsmanna eftir landshlutum.....	16
Mynd 7: Hlutfallsleg skipting stöðugilda starfsfólks eftir menntun og landshlutum árið 2011 (Samband íslenskra sveitarfélaga, 2012) .....	17
Mynd 8: Telur þú að það séu hindranir í veginum fyrir því að leiðbeinendur í leikskóla fari í leikskólakennaranám? .....	19
Mynd 9: Hverjar telur þú hindranirnar vera sem hamla því að leiðbeinendur í leikskóla fari í leikskólakennaranám? (Myndin sýnir hlutfallslega skiptingu svara við x-ás, talnagildi á stöplum.....	20
Mynd 10: Námið er of erfitt. [Hverjar telur þú hindranirnar vera sem hamla því að leiðbeinendur í leikskóla fari í leikskólakennaranám?], greint eftir landsvæði.....	21
Mynd 11: Fjölskylduaðstæður. [Hverjar telur þú hindranirnar vera sem hamla því að leiðbeinendur í leikskóla fari í leikskólakennaranám?], greint eftir landsvæði.....	21
Mynd 12: Ónógur undirbúningur fyrir háskólanám. [Hverjar telur þú hindranirnar vera sem hamla því að leiðbeinendur í leikskóla fari í leikskólakennaranám?], greint eftir landsvæði .....	22
Mynd 13: Starfsaðstæður í leikskóla eru erfiðar. [Hverjar telur þú hindranirnar vera sem hamla því að leiðbeinendur í leikskóla fari í leikskólakennaranám?], greint eftir landsvæði .....	22
Mynd 14: Fjárhagur. [Hverjar telur þú hindranirnar vera sem hamla því að leiðbeinendur í leikskóla fari í leikskólakennaranám?], greint eftir landsvæðum.....	23
Mynd 15: Laun kennara eru of lág. [Hverjar telur þú hindranirnar vera sem hamla því að leiðbeinendur í leikskóla fari í leikskólakennaranám?], greint eftir landsvæðum .....	23

Mynd 16: Hversu vænlegar telurðu eftirfarandi aðferðir vera til að hvetja fólk til náms? (Myndin sýnir hlutfallslega skiptingu svara við x-ás, talnagildi á stöplum sýna fjölda svara og gildi lengst til hægri sýna heildarfjölda svara við þann valkost). ATH! x ás byrjar við 50% mörk en ekki 0% á þessari mynd vegna tilhneigingar til svara).....	25
Mynd 17: Hefur þú einhver úrræði til að styðja starfsfólk þitt til leikskólakennaranáms? Myndin sýnir hlutfallslega skiptingu svara við x-ás, talnagildi á stöplum sýna fjölda svara. .....	26
Mynd 18: Nefndu helstu úrræði sem þú hefur upp á að bjóða fyrir starfsfólk til að styðja það til leikskólakennaranáms .....	27
Mynd 19: Hversu sammála eða ósammaála ertu eftirfarandi fullyrðingum? Myndin sýnir hlutfallslega skiptingu svara við x-ás, talnagildi á stöplum sýna fjölda svara) .....	29
Mynd 20: Telur þú að fjölgun leikskólakennara hafi áhrif á eftirfarandi þætti í námi leikskólabarna? .....	30
Tafla 1: Fjöldi og hlutfall þátttakenda eftir landsvæði .....	11
Tafla 2: Fjöldi og hlutfallsleg skipting eftir landsvæði .....	11
Tafla 3: Fjöldi og hlutfallsleg skipting aldurshópa .....	11
Tafla 4: Aldur stjórnenda leikskóla eftir landsvæði, lýsandi tölfræði .....	12
Tafla 5: Starfsaldur stjórnenda leikskóla, fjöldi og hlutfall .....	12
Tafla 6: Starfsaldur stjórnenda í leikskóla eftir landsvæði, lýsandi tölfræði. ....	12
Tafla 7: Útskriftarár stjórnenda leikskóla, fjöldi og hlutfall .....	14
Tafla 8: Lýsandi tölfræði fyrir hlutfall menntaðra leikskólakennara eftir landshlutum .....	15

## SAMANTEKT

Rafræn könnun var gerð meðal leikskólastjóra á landsvísu og var send út á netföng 262 leikskóla. 252 netföng voru virk. Alls bárust 185 svör frá stjórnendum leikskóla (73%), 7 vildu ekki taka þátt (3%) og 62 svöruðu ekki könnun (24%).

Konur voru í miklum meirihluta í þessari könnun eða 95%. Hlutfall þátttakenda var mest á höfuðborgarsvæði, 58%, en heildar þátttökuhlutfall landsbyggðar var 42%. Svarendur voru flestir á aldursbilinu 50-59 ára en meðalaldur stjórnenda var 51,6 ár með staðalfrávik 7,9 ár. Flestir þátttakenda hafa starfað sem stjórnendur leikskóla í 6-12 ár. Meðalstarfsaldur stjórnenda leikskóla er 12,39 ár með staðalfrávik 8,24. Meðalaldur leikskólastjóra er hæstur í Reykjavík eða 15,1 ár en lægstur á Suðurlandi eða 7,1 ár.

Flestir leikskólastjórar útskrifuðust úr grunnnámi á árunum 1981-2000 í tíð Fósturskólans eða 56% þátttakenda, 29% á árunum 1961-1980 og 15% á árunum 2001-2008 í tíð Kennaraháskóla Íslands.

Leikskólastjórar voru spurðir um fjölda menntaðra leikskólakennara og fjölda starfsfólks annarra en leikskólakennaramenntaðra. Hlutfall menntaðra leikskólakennara var metinn af heildarfjölda starfsfólks í hverjum leikskóla. Meðalhlutfall menntaðra leikskólakennara á landinu öllu er 39% en á milli landshluta er hlutfallið á bilinu 28-51%. Lægst er meðalhlutfallið á Vestfjörðum (28%) en lang hæst á Norðurlandi eystra (51%). Þessi hlutfallslega skipting er sambærileg og kemur fram í tölum Hagstofunnar frá árinu 2011 um hlutfall menntaðra leikskólakennara í starfi (Samband íslenskra sveitarfélaga, 2012).

Aðspurðir telja 76% leikskólastjóra að hindranir valdi því að leiðbeinendur fari í leikskólakennaranám. Flestir (95%) telja lág laun leikskólakennara verka sem mikla hindrun. Það sem flestir telja verka sem litla hindrun er að námið sé of erfitt (68%).

Leikskólastjórar á höfuðborgarsvæði og landsbyggð greinir ekki á um hvaða þættir verka sem mikil eða lítil hindrun utan þess að hlutfallslega fleiri á landsbyggðinni (65%) telja fjölskylduaðstæður verka sem mikla hindrun en á höfuðborgarsvæðinu (48%).

Um helmingur leikskólastjóra (53%) telja sig hafa úrræði til að styðja starfsfólk sitt til leikskólakennaranáms. Þau úrræði sem leikskólastjórar telja sig helst hafa er að veita sveigjanlegan vinnutíma, launaívilnun af einhverju tagi eða hvatningu og stuðning til náms. Leikskólastjórar voru annarsvegar spurðir um leiðir til að hvetja starfsfólk til náms og hinsvegar um þau úrræði sem þeir byggju yfir til að styðja starfsfólk til náms. Það er vert að

benda á að mun hærra hlutfall leikskólastjóra (85-95%) telur að til séu nokkrar vænlegar leiðir til að hvetja til náms en þeir sem telja sig hafa raunveruleg úrræði til stuðnings (53%).

Almennt eru leikskólakennarar sammála því að menntun starfsfólks skipti máli fyrir starfsemi leikskóla. Talið er að hlutfall leikskólakennara í leikskólum hafi áhrif á leikskólastarf og einnig að það hafi áhrif á að markmiðum í starfi sé náð. Einnig voru stjórnendur leikskóla sammála um að önnur menntun en leikskólakennaramenntun nýtist í faglegu starfi.

Þegar spurt er beint um fjölgun leikskólakennara telja leikskólastjórar einnig að hún hafi áhrif á lykilþætti í námi leikskólabarna (t.d. samfellu á milli skólastiga, skipulagningu og samvinnu starfsfólks, félagsfærni barna, þátttöku barna í daglegu starfi og framkvæmd markmiða í aðalnámsskrá). Vellíðan barna, samvinna við fjölskyldur barna og leikur í barnahópnum eru þættir sem síður eru taldir breytast við fjölgun leikskólakennara.

## 1 INNGANGUR

Í þessari skýrslu er greint frá niðurstöðum könnunar sem lögð var fyrir stjórnendum leikskóla. Um var að ræða vefkönnun sem gerð var á landsvísu. Könnun þessi var framkvæmd að beiðni námsbrautar í menntun ungra barna í leik- og grunnskóla við Menntavísindasvið Háskóla Íslands og framkvæmd af Menntavísindastofnun. Könnunin er hluti af faglegu samstarfi við Félag leikskólakennara, Félag stjórnenda leikskóla og Mennta- og menningarráðuneytið.

Tilgangurinn var að afla upplýsinga um áhuga, þekkingu og aðstæður til leikskólakennaranáms fyrir Menntavísindasvið Háskóla Íslands, til að meta hvort hægt sé að koma til móts við þarfir vettvangs. Auk þess er ætlunin að nýta niðurstöðurnar við mótun kynningarátaks til að fjölga menntuðum leikskólakennurum og að hafa áhrif á fyrirkomulag námsins.




## 2 SÖFNUN GAGNA

### 2.1 Framkvæmd og heimtur

**Samantekt:** Könnun var gerð á landsvísu og var send út á netföng 262 leikskóla. 252 netföng voru virk. Alls bárust 185 svör frá stjórnendum leikskóla (73%), 7 vildu ekki taka þátt (3%) og 62 svöruðu ekki könnun (24%).

Leitað var til leikskólastjóra á landsvísu eftir samstarfi vegna könnunarinnar. Kynningarbréf var sent á skráð netföng allra leikskóla á landinu þar sem óskað var eftir þátttöku allra leikskólastjóra í könnuninni og aðstoðar við framkvæmd á annarri könnun með sama tilgangi, meðal starfsfólks annarra en leikskólakennara. Könnunin náði því til skóla í öllum landshlutum og var send út í 262 leikskóla sem netkönnun og var framkvæmd á tímabilinu frá 24. apríl til 17. maí 2013. Sendar voru út tvær ítrekanir til þátttakenda með frekari beiðni um að svara könnun. Vefkönnunin var framkvæmd með vefkönnunarkefinu *Lime Survey*. Netföng leikskóla voru fengin af heimasíðu Sambands íslenskra sveitarfélaga.


Þátttakendur í könnun voru alls 254<sup>1</sup> þar af voru 185 sem svöruðu (73%), 7 sem ekki vildu taka þátt (3%) og 62 sem ekki svöruðu, sjá mynd 1.



Mynd 1: Svarhlutfall í könnun meðal stjórnenda leikskóla

<sup>1</sup> Könnun var send á alls 265 netföng, þrjú þeirra voru ógild vegna breyttrar starfsemi leikskólanna, könnun var því endanlega send út á alls 262 netföng. Átta leikskólum barst könnunin aldrei í hendur, vegna óvirkra netfanga, af ástæðum tengdum nethýsingu eða af öðrum óútskýrðum ástæðum.

Könnunin var send til leikskóla um allt land. Á mynd 2 hér á eftir má sjá fjölda og hlutfallslega skiptingu þeirra sem svöruðu könnuninni eftir landshlutum.




Mynd 2: Fjöldi leikskóla og hlutfallsleg skipting úrtaks eftir landshlutum

Eins og gefur að skilja eru leikskólar í úrtaki flestir á höfuðborgarsvæðinu eða 140, næst flestir á Norðurlandi eystra eða 29 en færstir á Norðurlandi vestra eða sex talsins.

### 2.1.1 Heimtur svara

Heimtur svara voru nokkuð góðar í öllum landshlutum eða á bilinu 50-80%, sjá fjölda svara og hlutfallslega svörun á mynd 3. Svarhlutfall var hæst á Vestfirðum og lægst á Norðurlandi Vestra en hafa ber í huga þegar svarhlutfall á milli landshluta er borið saman að fjöldi leikskóla er mjög breytilegur eftir landshlutum.



Mynd 3: Svarhlutfall og fjöldi þátttakenda eftir landshlutum (Myndin sýnir hlutfall (%) við x-ás en stöplar sýna fjölda svara (n))

## 2.2 Aðferð og úrvinnsla

Í skýrslunni eru athuguð svör leikskólastjóra við spurningum sem ætlað er að meta áhuga, þekkingu og aðstæður starfsfólks til leikskólakennaranáms. Spurningar voru alls 19 í spurningalistanum og var spurt um bakgrunn leikskólastjóra (kyn, aldur, starfsaldur, menntun og staðsetningu leikskóla). Svör þátttakenda voru greind eftir landshlutum eða landssvæði þar sem það var upplýsandi. Við úrvinnslu gagna var unnið með öll svör þannig að þau væru órekjanleg og að í öllu væri farið eftir reglum Persónuverndar um öflun og meðferð persónuupplýsinga. Niðurstöður greiningar eru settar fram í myndum og töflum sem sýna annarsvegar hlutfall og hinsvegar fjölda þeirra sem svara á tiltekinn hátt. Ekki voru notuð tölfræðileg próf við samanburð þar sem heildarúrtakið er í raun smátt þýðisúrtak og ekki þörf á að álykta út fyrir úrtakið. Tölfræðileg úrvinnsla var unnin í SPSS en myndir og töflur í Excel.

### 3 NIÐURSTÖÐUR

Í þessum kafla er að finna grunnupplýsingar um bakgrunn þátttakenda, hlutfallslega skiptingu menntaðra leikskólakennara og annarra starfsmanna, aðstæður til leikskólakennaranáms og mikilvægi fagmenntunar fyrir leikskólastarf.

#### 3.1 Grunnupplýsingar

**Samantekt:** Konur voru í miklum meirihluta í þessari könnun eða 95%. Hlutfall þátttakenda var langhæst á höfuðborgarsvæði, 58%. Heildar þátttökuhlutfall landsbyggðar var 42%.

Þátttakendur voru flestir á aldursbilinu 50-59 ára en meðalaldur stjórnenda var 51,6 ár með staðalfrávik 7,9 ár. Flestir þátttakenda hafa starfað sem stjórnendur leikskóla í 6-12 ár. Meðalstarfsaldur leikskólastjóra er 12,39 ár með staðalfrávik 8,24. Meðalaldur leikskólastjóra er hæstur í Reykjavík eða 15,1 ár en lægstur á Suðurlandi eða 7,1 ár.

Flestir leikskólastjórar útskrifuðust úr grunnnámi á árunum 1981-2000 í tíð Fósturskólans eða 57% þátttakenda, 29% á árunum 1961-1980 og 15% á árunum 2001-2008.

Leikskólastjórar voru spurðir um kyn, fæðingarár, póstnúmer leikskóla, útskriftarár og menntun. Einnig var spurt sérstaklega um fjölda starfandi leikskólakennara í leikskólanum og fjölda starfsmanna annarra en leikskólakennara.

##### 3.1.1 Kyn stjórnenda og staðsetning leikskóla

Konur voru í miklum meirihluta þátttakendur í þessari könnun eða 179 (95%) en karlar voru einungis 3 talsins eða um 2% þátttakenda. Sex þátttakendur (3%) tilgreindu ekki kyn.

Spurt var um póstnúmer leikskóla og það notað til að skipta þátttökuleikskólum á milli landsvæða. 183 af 185 svöruðu spurningu um póstnúmer leikskóla. Tafla 1 sýnir skiptingu á milli allra landsvæða en tafla 2 sýnir skiptingu á milli höfuðborgarsvæðis og landsbyggðar.

Tafla 1: Fjöldi og hlutfall þátttakenda eftir landsvæði

	Fjöldi	Hlutfall
Höfuðborgarsvæði	106	58%
Reykjanes	12	7%
Vesturland	11	6%
Vestfirðir	6	3%
Norðuland vestra	5	3%
Norðurland eystra	19	10%
Austurland	12	7%
Suðurland	12	7%
Samtals	183	100%

Tafla 2: Fjöldi og hlutfallsleg skipting eftir landsvæði

	Fjöldi	Hlutfall
Höfuðborgarsvæði	106	58%
Landsbyggð	77	42%
Samtals	183	100%

### 3.1.2 Aldur og starfsaldur

Þátttakendur voru flestir á aldursbilinu 50 – 59 ára en 172 þátttakendur af 185 svöruðu til um aldur (sjá töflu 3 um aldurskiptingu). Meðalaldur stjórnenda leikskóla í könnun var 51,6 ár með staðalfrávik 7,9 ár. Yngsti þátttakandi var 23 ára en sá elsti 68 ára.

Tafla 3: Fjöldi og hlutfallsleg skipting aldurshópa

	Fjöldi	Hlutfall
39 ára og yngri	7	4%
40-49 ára	56	32%
50-59 ára	82	47%
60-69 ára	28	16%
Samtals	173	100%

Samtals voru það 170 þátttakendur sem svöruðu bæði spurningu um aldur og staðsetningu leikskóla. Hér í töflu 4 má sjá lýsandi tölfræði fyrir bæði aldur og staðsetningu eftir landshluta.

Tafla 4: Aldur stjórnenda leikskóla eftir landsvæði, lýsandi tölfraði

	Fjöldi	Meðal aldur	Staða- frávik	Lægsta gildi	Hæsta gildi
Höfuðborgarsvæði	96	51,0	7,1	34	65
Suðurnes	12	53,9	6,6	43	65
Vesturland	11	51,8	8,7	41	68
Vestfirðir	5	56,0	7,1	46	64
Norðurland vestra	5	46,6	10,8	36	61
Norðurland eystra	17	50,9	10,3	23	63
Austurland	12	55,5	9,0	40	68
Suðurland	12	52,0	8,4	32	62
Samtals	170	51,6	7,9	23	68

Stjórnendur leikskóla voru spurðir að því hve mörg ár þeir hafi starfað sem leikskólastjórar. 176 af 185 þátttakendum svöruðu þessari spurningu. Lengsti starfstími var 38 ár en stysti tími innan við eitt ár. Í töflu 5 má sjá skiptingu þátttakenda eftir starfsaldri.

Tafla 5: Starfsaldur stjórnenda leikskóla, fjöldi og hlutfall


	Fjöldi	Hlutfall
< 1-5 ár	44	25%
6-12 ár	53	30%
13-20 ár	47	27%
lengur en 20 ár	32	18%
Samtals	176	100%

Tafla 6: Starfsaldur stjórnenda í leikskóla eftir landsvæði, lýsandi tölfraði.

	Fjöldi svara	Meðal starfsaldur í árum	Staðal- frávik	Lægsta gildi	Hæsta gildi
Höfuðborgarsvæði	101	14,1	8,4	0	38
Reykjavíkurborg	56	15,1	8,9	1	38
Suðurnes	11	11,8	8,5	1	29
Vesturland	11	9,8	6,7	2	22
Vestfirðir	6	8,7	5,2	4	19
Norðurland vestra	5	14,8	6,6	7	22
Norðurland eystra	19	12,9	7,0	1	26
Austurland	12	5,4	5,8	1	17
Suðurland	11	7,1	7,9	0	20
Samtals	176	12,4	8,2	0	38

Meðalstarfsaldur í leikskólastjórastöðu var 12,39 ár með staðalfrávik 8,24 ár. Meðalaldur leikskólastjóra er hæstur í Reykjavík eða 15,1 ár en lægstur á Suðurlandi eða 7,1 ár.

Mynd 4 er yfirlit yfir meðalaldur og meðalstarfsaldur stjórnenda leikskóla í árum eftir landshlutum.



Mynd 4: Meðalaldur og meðalstarfsaldur stjórnenda leikskóla eftir landshlutum

### 3.1.3 Menntun

Alls voru 168 þátttakendur sem svöruðu spurningu um hvenær þeir útskrifuðust úr grunnnámi en þátttakendur tilgreindu útskrift á árabílinu frá 1961-2008. Við úrlestur töflu 7 um útskriftarár stjórnenda úr grunnnámi má hafa til hliðsjónar sögulega þróun leikskólakennaranáms á Íslandi. Samkvæmt lögum um leikskóla frá árinu 2008 skal leikskólastjóri, aðstoðarleikskólastjóri og leikskólakennari hafa leikskólakennaramenntun (Lög um leikskóla nr.90/2008).

Frá árinu 1946 fór menntun fram í Uppeldisskóla Sumargjafar, árið 1973 tók Fósturskóli Íslands við menntun og árið 1996 var stofnuð leikskólakennaradeild við Háskólann á Akureyri. Tveimur árum síðar sameinuðust Kennaraháskóli Íslands, Fósturskólinn, Íþróttakennaraskólinn á Laugarvatni og Þroskaþjálfaskóli Íslands í eina háskólastofnun, Kennaraháskóla Íslands og brautskráðust fyrstu leikskólakennararnir með B.Ed.-próf vorið 1998 (Jóhanna Einarsdóttir, 2012). Árið 2008 sameinaðist Kennaraháskóli Íslands svo Háskóla Íslands. Í töflu 7 má sjá fjölda þeirra leikskólastjóra sem útskrifuðust fyrir tíð Fósturskóla

Íslands, í tíð hans og eftir að leikskólakennaranám varð háskólanám bæði í Háskólanum á Akureyri og við Kennaraháskóla Íslands.


Tafla 7: Útskriftarár stjórnenda leikskóla, fjöldi og hlutfall

Útskriftarár	Fjöldi	Hlutfall
1961-1980	48	29%
1981-2000	95	56%
2001-2008	25	15%
Samtals	168	100%

Þátttakendur voru spurðir hvort þeir hefðu lokið framhaldsnámi, 176 af 185 svöruðu spurningunni, 119 sögðust hafa lokið framhaldsnámi en 57 sögðust ekki hafa lokið framhaldsnámi. Þá voru þeir sem svöruðu þessari spurningu játandi spurðir frekar um hvaða framhaldsnámi þeir hefðu lokið. 125 svöruðu þessari spurningu 80 hafa lokið diplómunámi, 27 hafa lokið meistaranámi og 18 haka við annað. Þeir þátttakendur sem völdu annað hafa stjórnunarmenntun, eru með menntun úr Fósturskólanum, Kennaraháskóla Íslands eða eru með BEd. í leikskólakennarafræðum eða eru í framhaldsnámi sem stendur.

Einnig var spurt um símenntunarnámskeið á síðustu 12 mánuðum. 170 af 185 svöruðu þeirri spurningu, 150 sögðust hafa farið á símenntunarnámskeið á síðustu 12 mánuðum og 20 svöruðu neitandi.

Stjórnendur leikskóla voru beðnir um að greina frá efni námskeiða. Skrifleg svör stjórnenda voru flokkuð í helstu flokka.



Mynd 5: Hvert var efni námskeiðsins?



Alls voru 150 þátttekendur sem svöruðu þessari spurningu. Helsta námskeiðsefni stjórnenda á síðustu tólf mánuðum var stjórnun, vinnuvernd og starfsmannamál (65%).

### 3.2 Hlutfallsleg skipting á milli menntaðra leikskólakennara og annarra starfsmanna.


**Samantekt:** Meðalhlutfall menntaðra leikskólakennara á landinu öllu er 39% en á milli landshluta er hlutfallið á bilinu 28-51%. Lægst er meðalhlutfallið á Vestfjörðum (28%) en langtum hæst á Norðurlandi eystra (51%). Þessi hlutfallslega skipting er sambærileg og kemur fram í tölum Hagstofunnar frá árinu 2011 um hlutfall menntaðra leikskólakennara í starfi.

Þátttakendur voru spurðir annars vegar hve margir leikskólakennarar starfa í leikskólanum og hins vegar hve margir starfsmenn starfa með börnunum í leikskólanum en eru ekki menntaðir leikskólakennarar. Reiknuð var hlutfallsleg skipting á milli þessara tveggja hópa af þeim heildarfjölda starfsfólks sem var tilgreindur. Í töflu 8 má sjá lýsandi tölfræði og meðal hlutfall menntaðra leikskólakennara eftir landshlutum. Hlutfall menntaðra leikskólakennara var reiknað sérstaklega fyrir Reykjavíkurborg samkvæmt hefð vegna fjölda leikskóla á því svæði.

Tafla 8: Lýsandi tölfræði fyrir hlutfall menntaðra leikskólakennara eftir landshlutum


	Fjöldi svara	Meðal hlutfall	Staðal-frávik	Lægsta gildi	Hæsta gildi
Höfuðborgarsvæði	103	38%	18%	11%	100%
Reykjavíkurborg	58	37%	20%	11%	100%
Suðurnes	12	39%	16%	12%	67%
Vesturland	11	35%	20%	0%	67%
Vestfirðir	6	28%	7%	20%	39%
Norðurland vestra	5	32%	9%	20%	42%
Norðurland eystra	19	51%	17%	26%	86%
Austurland	12	36%	14%	17%	56%
Suðurland	10	38%	25%	8%	100%
<b>Samtals</b>	<b>178</b>	<b>39%</b>	<b>18%</b>	<b>0%</b>	<b>100%</b>

Mynd 6 sýnir hlutfallslega skiptingu á milli menntaðra leikskólakennara og annarra starfsmanna sem starfa með börnum en eru ekki menntaðir sem leikskólakennarar.



**Mynd 6: Hlutfallsleg skipting menntaðra leikskólakennara og annarra starfsmanna eftir landshlutum**

Samkvæmt svörum eru hlutfall menntaðra leikskólakennara langhæst á Norðurlandi Eystra, 51% en lægst hjá þátttökuleikskólum á Vestfjörðum eða 28%. Meðalhlutfall menntaðra leikskólakennara á landinu öllu er 39%. Þessar niðurstöður eru að mestu leyti í takt við hlutfallslegan fjölda menntaðra leikskólakennara á landinu árið 2011 sem var þá 38% fyrir landið allt, hæst á Norðurlandi Eystra (55%) og lægst á Vestfjörðum (32%) og í Reykjavíkurborg (32%). Þetta styrkir réttmæti mælingar á hlutfallslegum fjölda menntaðra leikskólakennara í þessari könnun meðal stjórnenda. Könnunin sýnir þó lægra stöðuhlutfall leikskólakennaramenntaðra á Vestfjörðum og Vesturlandi en tölur Hagstofunnar frá 2011 (sjá mynd 5) (Samband íslenskra sveitarfélaga, 2012).



Heimild: Hagstofa Íslands og Samband íslenskra sveitarfélaga.

Skýring: Starfsfólk í leikskólum við uppeldis- og menntunarskólum af opinberum aðilum sem og sjálfstætt starfandi leikskólum. Átt er við hlutfallslega skiptingu stöðugilda en ekki fjölda starfsmanna.

**Mynd 7: Hlutfallsleg skipting stöðugilda starfsfólks eftir menntun og landshlutum árið 2011 (Samband íslenskra sveitarfélaga, 2012)**

### 3.3 Aðstæður til leikskólakennaranáms


**Samantekt:** Aðspurðir telja 76% leikskólastjóra að hindranir séu í veginum fyrir því að leiðbeinendur fari í leikskólakennaranám. Flestir (95%) telja lág laun leikskólakennara verka sem mikla hindrun. Það sem flestir telja verka sem litla hindrun er að námið sé of erfitt (68%).

Leikskólastjórar á höfuðborgarsvæði og landsbyggð greinir ekki á um hvaða þættir verka sem mikil eða lítil hindrun utan þess að hlutfallslega fleiri á landsbyggð (65%) telja *fjölskylduaðstæður* verka sem mikla hindrun en á höfuðborgarsvæði (48%).

Um helmingur leikskólastjóra (53%) telja sig hafa úrræði til að styðja starfsfólk sitt til leikskólakennaranáms. Þau úrræði sem leikskólastjórar telja sig helst hafa er að veita *sveigjanlegan vinnutíma, launaívilnun* af einhverju tagi eða *hvatningu og stuðningu til náms*. Mun stærra hlutfall leikskólastjóra (85-95%) telur að til séu nokkrar vænlegar leiðir til að hvetja til náms en leikskólastjórar telja sig hafa raunveruleg úrræði til stuðnings (53%).

Fimm spurningar tengdust sérstaklega aðstæðum starfsfólks annarra en leikskólakennara til leikskólakennaranáms. a) Telur þú að það séu hindranir í veginum fyrir því að leiðbeinendur fari í leikskólakennaranám? b) Ef, já hverjar telur þú hindranirnar vera sem hamla því að leiðbeinendur í leikskóla fari í leikskólakennaranám? c) Hversu vænlegar telurðu eftirfarandi aðferðir vera til að hvetja fólk til náms (sveigjanleiki vinnutíma, jákvæð viðhorf til náms, umræðan um innihald leikskólakennaranáms, ræða kosti leikskólakennarastarfsins)? d) Hefur þú einhver úrræði til að styðja starfsfólk þitt til leikskólakennaranáms? e) Ef já, nefndu helstu úrræði sem þú hefur upp á að bjóða fyrir starfsfólk til að styðja það til leikskólakennaranáms?

### 3.3.1 Telur þú að það séu hindranir í veginum fyrir því að leiðbeinendur í leikskóla fari í leikskólakennaranám?




**Mynd 8: Telur þú að það séu hindranir í veginum fyrir því að leiðbeinendur í leikskóla fari í leikskólakennaranám?**

Alls voru 156 þátttakendur sem svöruðu þessari spurningu. Alls voru 119 (76%) þeirra sem telja að það séu hindranir í veginum fyrir því að leiðbeinendur fari í leikskólakennaranám en 37 (24%) telja að svo sé ekki. Nánar var spurt út í hindranir í veginum.

### 3.3.2 Hverjar telur þú hindranirnar vera sem hamla því að leiðbeinendur í leikskóla fari í leikskólakennaranám?

Alls voru 121 þátttakendur sem svöruðu þessari spurningu. Þegar spurt er um hverjar hindranirnar séu kemur í ljós að leikskólastjórar telja að allar uppgefnar ástæður geti í einhverjum tilvikum verkað sem hamlandi á leiðbeinendur til að fara í leikskólakennaranám sjá mynd 8<sup>2</sup>.

<sup>2</sup> Svarmöguleikarir við hvern valkost fyrir þessa spurningu voru *mjög mikið*, *frekar mikið*, *frekar lítið* og *mjög lítið*. Til að einfalda myndræna framsetningu voru svarmöguleikarnir *mjög mikið* og *frekar mikið* sameinaðir í svarflokkinn *mikið* og svarkostirnir *mjög lítið* og *frekar lítið* sameinaðir í svarflokkinn *lítið*.




**Mynd 9: Hverjar telur þú hindranirnar vera sem hamla því að leiðbeinendur í leikskóla fari í leikskólakennaranám?** (Myndin sýnir hlutfallslega skiptingu svara við x-ás, talnagildi á stöplum sýna fjölda svara og gildi lengst til hægri sýna heildarfjölda svara við þann valkost)


Það sem oftast er talið verka sem mikil hindrun er að *laun leikskólakennara séu of lág* en 95% telja það hindra mikið (þar af 85% mjög mikið). Fjárhagur starfsfólks er einnig talinn vera hindrun í 80% tilvika (þar af 44% mjög mikið). Það sem síst er talið verka hamlandi er sú ástæða að námið sé of erfitt en um 68% telja það sé lítil hindrun (þar af 51% mjög lítil).

### 3.3.2.1 Hindranir sem hamla því að leiðbeinendur fari í leikskólakennaranám greint eftir landsvæði.


Svör stjórnenda leikskóla um hindranir sem hamla leiðbeindendum að sækja nám voru skoðuð sérstaklega með tilliti til staðsetningar leikskóla á höfuðborgarsvæði eða landsbyggð. Niðurstöðurnar má sjá á myndum 10-15.




**Mynd 10: Námið er of erfitt. [Hverjar telur þú hindranirnar vera sem hamla því að leiðbeinendur í leikskóla fari í leikskólakennaranám?], greint eftir landsvæði**



**Mynd 11: Fjölskylduaðstæður. [Hverjar telur þú hindranirnar vera sem hamla því að leiðbeinendur í leikskóla fari í leikskólakennaranám?], greint eftir landsvæði**




**Mynd 12: Ónógur undirbúningur fyrir háskólanám. [Hverjar telur þú hindranirnar vera sem hamla því að leiðbeinendur í leikskóla fari í leikskólakennaranám?], greint eftir landsvæði**




**Mynd 13: Starfsaðstæður í leikskóla eru erfiðar. [Hverjar telur þú hindranirnar vera sem hamla því að leiðbeinendur í leikskóla fari í leikskólakennaranám?], greint eftir landsvæði**





**Mynd 14: Fjárhagur.** [Hverjar telur þú hindranirnar vera sem hamla því að leiðbeinendur í leikskóla fari í leikskólakennaranám?], greint eftir landsvæðum




**Mynd 15: Laun kennara eru of lág.** [Hverjar telur þú hindranirnar vera sem hamla því að leiðbeinendur í leikskóla fari í leikskólakennaranám?], greint eftir landsvæðum

Stjórnendur leikskóla á landsvísu eru mikið til sammála um hverjar hindranirnar séu sem hamla því að leiðbeinendur í leikskóla fari í kennaranám. Þar sem stjórnendur leikskóla á höfuðborgarsvæði og landsbyggð greinir helst á um er að fjölskylduaðstæður séu hamlandi í þessu samhengi. Leikskólastjórar á landsbyggðinni telja frekar að fjölskylduaðstæður geti hamlað því að leiðbeinendur í leikskóla fari í leikskólakennaranám (um 65%) en þeir sem starfa sem leikskólastjórar á höfuðborgarsvæðinu (48%).

Þegar svörin við því hvort *fjölskylduaðstæður* verki hamlandi eru skoðuð nánar eftir landshlutum utan höfuðborgarsvæðis kemur í ljós að þeir sem stýra leikskólum á *Austurlandi, Vestfirðum, Suðurlandi og Norðurlandi vestra* telja frekar að *fjölskylduaðstæður* séu mikið hamlandi en lítið. Þeir sem stjórna leikskólum á *Norðurlandi Eystra, Reykjanesi og Vesturlandi* hallast jafnt til þess að *fjölskylduaðstæður* geti verkað mikið hamlandi eða lítið. Þegar svörum þátttakenda er skipt niður á landshluta fyrir hvern valkost verða svarhópar mjög fámennir og því einungis upplýsandi um viðhorf þeirra þátttakenda sem svöruðu þessari spurningu.

### 3.3.3 Hversu vænlegar telurðu eftirfarandi aðferðir vera til að hvetja fólk til náms?

Alls voru 151 af 185 þátttakendum sem svöruðu þessari spurningu. Þeir sem svöruðu spurningunni á annað borð töldu langflestir að upptaldar aðferðir væru vænlegar til að hvetja starfsfólk til náms, sjá mynd 15<sup>3</sup>.




**Mynd 16: Hversu vænlegar telurðu eftirfarandi aðferðir vera til að hvetja fólk til náms?** (Myndin sýnir hlutfallslega skiptingu svara við x-ás, talnagildi á stöplum sýna fjölda svara og gildi lengst til hægri sýna heildarfjölda svara við þann valkost). ATH! x ás byrjar við 50% mörk en ekki 0% á þessari mynd vegna tilhneigingar til svara)

<sup>3</sup> Svarmöguleikarnir við hvern valkost fyrir þessa spurningu voru *mjög vænlegt*, *frekar vænlegt*, *frekar óvænlegt* og *mjög óvænlegt*. Til að einfalda myndræna framsetningu voru svarmöguleikarnir *mjög mikið* og *frekar mikið* sameinaðir í svarflokkinn *mikið* og svarkostirnir *mjög lítið* og *frekar lítið* sameinaðir í svarflokkinn *lítið*.

### 3.3.4 Hefur þú einhver úrræði til að styðja starfsfólk þitt til leikskólakennaranáms?

Alls voru 123 þátttakendur af 185 sem svöruðu þessari spurningu sjá mynd 16.




**Mynd 17: Hefur þú einhver úrræði til að styðja starfsfólk þitt til leikskólakennaranáms?** Myndin sýnir hlutfallslega skiptingu svara við x-ás, talnagildi á stöplum sýna fjölda svara.

Nokkuð jafnt er á með leikskólastjórum sem telja sig hafa úrræði til að styðja starfsfólk sitt til leikskólakennaranáms (53%) og þeim sem telja sig ekki hafa þau (47%).

Það er athyglisvert að bera niðurstöðu þessarar spurningar við þá niðurstöðu að almennt telja leikskólastjórar (85-96%) að til séu nokkrar vænlegar aðferðir (*bjóða upp á sveigjanlegan vinnutíma, ýta undir jákvæð viðhorf til náms í starfsmannahópnum, ræða innihald leikskólakennaranámsins, ræða um kosti leikskólakennarastarfsins*) til að hvetja starfsfólk sitt til leikskólakennaranáms (sjá mynd 16).

### 3.3.5 Nefndu helstu úrræði sem þú hefur upp á að bjóða fyrir starfsfólk til að styðja það til leikskólakennaranáms?

Þeir þátttakendur sem telja að þeir hafi úrræði til að styðja starfsfólk sitt til leikskólakennaranáms var beðið að tilgreina helstu úrræði. Alls voru 69 þátttakendur sem tilgreindu úrræði sem þeir töldu sig hafa upp á að bjóða. Svörin voru skrifleg en flokkuð í nokkra meginflokka sem sjá má á mynd 18.



**Mynd 18: Nefndu helstu úrræði sem þú hefur upp á að bjóða fyrir starfsfólk til að styðja það til leikskólakennaranáms**

Það sem oftast var tilgreint sem úrræði til að styðja starfsfólk til leikskólakennaranáms var sveigjanlegur vinnutími, launaívilnun af einhverju tagi, launuð frí og skólalstyrkir voru einnig nefnd. Hvatning og stuðningur til náms þykir mikilvægur en einnig var nefnt sérstaklega að jákvætt viðhorf leikskólakennaramenntaðra til starfsins og jákvæð umræða um starfið væri nauðsynleg til hvatningar.

### 3.4 Mikilvægi fagmenntunar fyrir leikskólastarf

**Samantekt:** Almenn er leikskólakennarar sammála því að menntun starfsfólks skipti máli fyrir starfsemi leikskóla. Bæði að aukið hlutfall leikskólakennara í leikskólum hafi áhrif á leikskólastarf og áhrif á að markmiðum með starfi sé náð en einnig eru stjórnendur leikskóla sammála um að önnur menntun en leikskólakennaramenntun nýtist í faglegu starfi.


Þegar spurt er beint um fjölgun leikskólakennara telja leikskólastjórar einnig að hún hafi áhrif á lykilþætti í námi leikskólabarna (t.d. *samfellu á milli skólastiga, skipulagningu og samvinnu starfsfólks, félagsfærni barna, þátttöku barna í daglegu starfi og framkvæmd markmiða í aðalnámsskrá*). Þeir þættir sem eru taldir breytast ögn síður við fjölgun leikskólakennara eru *velliðan barna, samvinna við fjölskyldur barna og leikur í barnahópnum*.

Tvær spurningar tengdust sérstaklega viðhorfi til mikilvægis fagmenntunar fyrir leikskólastarf.

- a) Hversu sammála eða ósammála ertu eftirfarandi fullyrðingum? <sup>4</sup>
- Uppfylla þarf ákvæði laga um að 2/3 hlutar þeirra sem starfa með börnum í leikskóla skuli hafa leikskólakennaramenntun
  - Fjölgun leikskólakennara stuðlar að jöfnun námstækifæra fyrir barnahópinn
  - Sérhæfð menntun leikskólakennara eykur líkur á að ná markmiðum aðalnámsskrár
  - Samvinna við fjölskyldur verður betri með auknu hlutfalli leikskólakennara
  - Aukið hlutfall leikskólakennara styður við samfellu á milli skólastiga
  - Fjölbreytt menntun leiðbeinenda, m.a. leikskólaliðanám, grunnskólakennaramenntun, önnur háskólamenntun, nýtist í faglegu starfi í leikskólum

---

<sup>4</sup>Svarmöguleikarnir við hvern valkost fyrir þessa spurningu voru *mjög sammála, frekar sammála, frekar ósammála og mjög ósammála*. Til að einfalda myndræna framsetningu voru svarmöguleikarnir *mjög sammála og frekar sammála* sameinaðir í svarflokkinn *sammála* og svarkostirnir *mjög ósammála og frekar ósammála* sameinaðir í svarflokkinn *ósammála*.



**Mynd 19: Hversu sammála eða ósammála ertu eftirfarandi fullyrðingum?** Myndin sýnir hlutfallslega skiptingu svara við x-ás, talnagildi á stöplum sýna fjölda svara)


Alls svöruðu 168-175 af 185 hverjum lið þessarar spurningar. Flestir eru sammála upptöldum fullyrðingum og því ekki mikill greinarmunur á svörum á milli liða í þessari spurningu (92-98%). Fjölbreytt menntun önnur en leikskólakennaranám er einnig talin nýtast í faglegu starfi.

b) Telur þú að hlutfallsleg fjölgun leikskólakennara hafi áhrif á eftirfarandi þætti í námi leikskólabarna?<sup>5</sup>

- Framkvæmd markmiða í aðalnámsskrá
- Þátttöku og áhrif barna í daglegu starfi
- Félagssfærni
- Vellíðan barna

<sup>5</sup> Svarmöguleikarnir við hvern valkost fyrir þessa spurningu voru *mjög mikil, frekar mikil, frekar lítil og mjög lítil eða engin*. Til að einfalda myndræna framsetningu voru svarmöguleikarnir *mjög mikil og frekar mikil* sameinaðir í svarflokkinn *mikil* og svarkostirnir *mjög lítil/engin og frekar lítil* sameinaðir í svarflokkinn *lítil*.

- Leik í barnahópnum
- Samvinnu við fjölskyldur barna
- Skipulagningu og samvinnu starfsfólks um nám barna
- Samfellu milli skólastiga í námi barna



**Mynd 20: Telur þú að fjölgun leikskólakennara hafi áhrif á eftirfarandi þætti í námi leikskólabarna?**

Alls svöruðu 170- 174 þátttakendur af 185 hverjum lið spurningarinnar um fjölgun leikskólakennara. Leikskólastjórar telja að hlutfallsleg fjölgun leikskólakennara hafi mikil áhrif á alla upptalda þætti í námi leikskólabarna (85-91%). Þeir þættir sem eru taldir breytast ögn síður við fjölgun leikskólakennara en aðrir nefndir þættir eru *velliðan* barna, *samvinna við fjölskyldur barna og leikur í barnahópnum*.



## 4 UMRÆÐA

Stjórnendur leikskóla líta á leikskólakennaramenntun sem mikilvægan þátt í leikskólastarfi en önnur fagleg menntun er einnig talin skila sér inn í faglegt starf leikskólanna.

Þeir þættir sem taldir eru hamla því að leiðbeinendur sæki leikskólakennaranám tengjast helst persónulegum aðstæðum leiðbeinenda og starfi leikskólakennarans, en síður leikskólakennaranáminu sjálfu. Það sem talin er mest hindrun eru launakjör leikskólakennara, en síst að námið sé of erfitt. Á sama tíma og þyngd náms er oftast ekki talin verka sem hindrun er ónógur undirbúningur fyrir háskólanám talið verka hamlandi. Þá má velta fyrir sér hvort að svörin við þessari spurningu endurspegli að einhverju leyti viðhorf leikskólastjóra til inntökuskilyrða í leikskólakennaranám. Almennt viðmið fyrir inngöngu í Háskóla Íslands er stúdentspróf. Undanþágur eru gerðar að því gefnu að umsækjandi hafi hafi lokið að minnsta kosti 100 einingum í framhaldsskóla og vottað sé að hafa starfað á vinnumarkaði í 5 ár og hafi náð 25 ára aldri. Við inntöku í leikskólakennaranám er ekki gerð krafa á að umsækjandi hafi lokið þessum einingum í tilteknum námskeiðum. Heimilt er að vega fimm ár á vinnumarkaði til jafns við 40 einingar sem verður því samtals jafngildi eininga til stúdentsprófs. Við sameiningu Kennaraháskóla Íslands og Háskóla Íslands árið 2008 minnkaði sveigjanleiki deilda á Menntavísindasviði til að gera undanþágur á innritun nema. Til að mynda eru ekki gerðar frekari undanþágur á inntökuskilyrðum þó umsækjendur hafi lengri starfsreynslu ef ekki liggur fyrir að umsækjandi hafi lokið 100 einingum í framhaldsskóla.

Flestir leikskólastjórar eru sammála því að til séu aðferðir til að hvetja fólk í nám en um helmingur þeirra telur sig hafa raunveruleg úrræði til þess. Það bendir til þess að þar liggja tækifæri til að auka svigrúm leikskólastjóra frekar til hvatningar og stuðnings við sitt starfsfólk til náms.

Þau úrræði sem nefnd eru af þeim sem telja sig hafa þau eru helst sveigjanlegur vinnutími, launaávilnun og hvatning og stuðningur. Raunverulegt svigrúm til að beita þessum úrræðum er misjafnt eftir sveitarfélögum. Sumir leikskólar eru í skilgreindu samstarfi við sveitarfélög um fjölda þeirra starfsmanna í hverjum leikskóla sem getur stundað nám hverju sinni. Meðan aðrir leggja áherslu á að skipuleggja vinnutíma og sjá í gegnum fingur sér þegar fjarnemar eru í staðlotum. Samræmd og skipulögð úrræði sveitarfélaga á landsvísu eru af þessu að dæma líkleg til að verka hvetjandi fyrir það starfsfólk sem þegar hefur áhuga á að bæta við sig leikskólakennaramenntun og auka líkur á að nemendur ljúki námi. Sveigjanleiki í

---

starfi, frí, launaívilnun, styrkir til námsferða og tryggt aðgengi að fjarnámi eru allt úrræði sem mætti samræma á milli landshluta.

Fjölskylduaðstæður eru að því er virðist taldar verka meira hamlandi í þeim landshlutum sem liggja fjær námsstöðum, Háskóla Íslands og Háskólanum á Akureyri. Aðgerðaáætlun til eflingar leikskólakennaranáms á landsvísu ætti að taka mið af þessu.

## 5 HEIMILDIR

*Lög um leikskóla nr. 135/2008*

Jóhanna Einarsdóttir (2012). *Leikskólakennaramenntun í mótun*. Greinaflokkur um kennaramenntun til heiðurs Ólafi J. Proppé sjötugum á tíu ára afmæli Netlu. *Netla-Veftímarit um uppeldi og menntun*. Sótt 19.08.2013 á Netla.is.

Samband íslenskra sveitarfélaga. (2012). *Skýrsla um skólamál*. Sótt 09.01.2013 á <http://www.samband.is/verkefningin/skolamal/skoladagatol-og-onnur-utgafa/>].

## VIÐAUKI 2 – KYNNINGARBRÉF VEGNA KÖNNUNAR

Kæri leikskólastjórndandi

Menntavísindastofnun Háskóla Íslands leitar nú samstarfs meðal stjórnenda leikskóla vegna fyrirhugaðra tveggja kannana, annarsvegar fyrir leikskólastjórndendur og hinsvegar fyrir starfsfólk leikskóla sem starfar með börnunum og eru ekki menntaðir sem leikskólakennarar. Um er að ræða tvær vefkannanir sem gerðar verða á landsvísu. Menntavísindasvið Háskóla Íslands leiðir ofangreindar kannanir í samstarfi við Félag leikskólakennara og Mennta- og menningamálaráðuneyti.

Tilgangurinn er að afla upplýsinga um áhuga, þekkingu og aðstæður til leikskólakennaranáms. Markmiðið er að nýta niðurstöður við mótun kynningarátaks til að fjölga menntuðum leikskólakennurum og að hafa áhrif á fyrirkomulag námsins.

Samstarf við leikskólastjórndendur sem hér er óskað eftir er mikilvæg forsenda þess að mögulegt sé að afla upplýsinga um viðhorf og þarfir þeirra sem starfa í leikskólum varðandi leikskólakennaranám. Samstarf þitt sem leikskólastjóri yrði tvíþætt:

a) Þátttaka í vefkönnun meðal stjórnenda leikskóla. Leikskólastjórar eru beðnir um að svara netkönnun (10-15 mínútur) um þætti er snúa að mikilvægi leikskólakennaramenntunar fyrir leikskólastarf og aðstæður starfsfólks til náms. Þessi vefkönnun verður aðgengileg á netinu á tímabilinu frá 23. apríl til og með 1. maí 2013. b) Senda vefslóð könnunar á netföng starfsfólks leikskólans (annarra en leikskólakennara) og hvetja þá til þátttöku t.d. með því að gera þeim kleift að taka þátt á vinnutíma. Könnun fyrir starfsfólk leikskóla (annarra en leikskólakennara) snýr að áhuga og þekkingu þess á leikskólakennaranámi og tekur um 5 mínútur að svara. Vefkönnunin meðal starfsfólks leikskóla verður send á stjórnendur leikskólanna 29. apríl og verður opin fyrir þátttakendur til og með 7. apríl.

Jafnframt biðjum við leikskólastjóra að staðfesta þátttöku leikskólans með því að senda lista yfir þá starfsmenn sem hafa fengið senda vefslóð á könnun.

Alger trúnaðar- og þagnarskylda hvílir á öllum þeim sem koma að verkinu. Ári eftir úttektina verður öllum frumgögnum sem safnað verður í þessari könnun eytt á öruggan máta. Ef einhverjar spurningar vakna eru viðtakendur bréfsins beðnir um að hafa samband við undirritaða tengiliði.

Með von um góðar viðtökur, fyrir hönd rannsakenda á Menntavísindastofnun